

1863.  
6. maím. fè, sem talið er í 9 gr. G. c. í fjárlögum fyrir árið 1862—63, og telja þá sem bráðabirgðarlán til suðurumdæmisins vegna ráðstafana þeirra, sem gjörðar hafa verið sökum fjárkláðans; en stjórnarráðið vonast eptir, að þær annist um, að hlutaðeigendur borgi fè þetta aptur og að jarðabókarsjóðurinn fái það þannig endurgoldið, og býst við að fá frá yður með síðasta pósti þetta árið skýrslu um, hversu mikið þá verði búið að borga.

6. maím. **31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um alþingissetu þorsteins kanselráðs Jónssonar, sýslumanns í Þingeyjarsýslu.**

Í bréfi, er stjórnarráðinu hefir borizt, og dagsett er 17. febrúarm. þ. á., hefir þorsteinn kanselráð Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, skýrt frá, að hann, ef hann geti komið því við, ætli að vera á alþingi því, er nú fer í hönd, sem konungkjörinn þingmaður, og því næst spurt um, hvort amtmaður eigi ekki ef til þess komi, án þess hann skerist neitt í það mál, að skipa einhvern mann til uppá eigin ábyrgð að gegna embættinu á meðan, án þess hann sjálfur missi nokkurs í við það af embættistekjum sínum.

Útaf þessu biður dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, að kunngjöra áður greindum embættismanni, og um leið senda honum aptur meðfylgjandi fylgiskjal, að hann verði að hlutast til um við amtið, að skipaður verði uppá hans kostnað og ábyrgð hæfur maður til þess að gegna embætti hans meðan hann er fjærverandi á alþingi.

6. maím. **32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíund af eign fátækra í Dísastöðum og Fossgerði.**

Þegar endurskoðaðir voru reikningarnir yfir konungstíund og